

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. desember 2010
Tilvísun: UST20101100113/sá


Umsögn-frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (breyting ýmissa laga), 200. mál.

Með tölvubréfi, dags. 22. nóvember 2010 sendi efnahags- og skattanefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (breyting ýmissa laga), 200. mál.

Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins er lagt til að kolefnisgjaldið hækki um 50% frá því sem er nú þannig að miðað verði við 75% af verði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB í stað 50%. Viðbótartekjur ríkissjóðs af þeirri hækkun eru áætlaðar um 1 milljarður kr. Gjaldið er misjafnt eftir tegundum eldsneytis, eða á bilinu 2,60–3,10 kr. á hvern lítra, en verður eftir hækkunina 3,80–4,60 kr. á hvern lítra.

Umhverfisstofnun telur rétt að gjaldinu verði varið til þess að standa undir ráðstöfunum í loftslagsmálum þ.m.t. viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem gert er ráð fyrir að verði innleitt í íslenska löggjöf á næstu misserum.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir